

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 32/97
frá 12. júní 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 21/97 frá 2. maí 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 frá 14. febrúar 1996 um breytingu
á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr
dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII.
kafla II. viðauka við samninginn:

„- 396 R 0282: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 frá
14. febrúar 1996 (Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 12).”.

-

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 37, 15. 2. 1996, bls. 12.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner